



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

30. október 2019

Mál nr. E-3902/2018:

Stefnandi: Karl Sigurhjartarson

(Hlynur Jónsson lögmaður)

Stefndi: Veitur ohf.

(Íris Lind Sæmundsdóttir lögmaður)

Dómari: Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari

Högni Hróarsson, verkfræðingur og lagnahönnuður

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, miðvikudaginn 30. október 2019, í máli nr. E-3902/2018:

Karl Sigurhjartarson

(Hlynur Jónsson lögmaður)

gegn

Veitum ohf.

(Íris Lind Sæmundsdóttir lögmaður)

Þetta mál, sem var tekið til dóms 2. október 2019, höfðar Karl Sigurhjartarson, kt. [...], Frostafold 14, Reykjavík, með stefnu, birtri 16. nóvember 2018, á hendur Veitum ohf., kt. 501213-1870, Bæjarhálsi 1, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefnda verði gert að greiða stefnanda 735.935 kr. auk dráttarvaxta af 277.974 kr. frá 13. mars 2015 til 16. apríl 2015, og af 284.223 frá þeim degi til 16. maí 2015, og af 290.631 kr. frá þeim degi til 15. júní 2015, og af 296.880 kr. frá þeim degi til 16. júlí 2015, og af 303.397 kr. frá þeim degi til 15. ágúst 2015, og af 309.913 kr. frá þeim degi til 15. september 2015, og af 316.268 kr. frá þeim degi til 16. október 2015, og af 322.785 kr. frá þeim degi til 16. nóvember 2015, og af 329.140 kr. frá þeim degi til 15. desember 2015, og af 397.539 kr. frá þeim degi til 11. janúar 2016, og af 406.758 kr. frá þeim degi til 16. febrúar 2106, og af 415.402 kr. frá þeim degi til 15. mars 2016, og af 424.647 kr. frá þeim degi til 16. apríl 2016, og af 450.465 kr. frá þeim degi til 22. desember 2018 og af 735.935 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess til vara að stefnda verði gert að greiða stefnanda afslátt eða leiðréttingu að álitum vegna kaupa á heitu vatni að Álfabrekku 4, Borgarnesi. Krafist er dráttarvaxta af varakröfu miðað við sömu gjalddaga og af aðalkröfu.

Stefnandi krefst í báðum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst þess til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

Málsatvik

Þetta mál varðar kaup stefnanda á heitu vatni til húshitunar af Veitum ohf. frá árinu 2014 en fram að því af Orkuveitu Reykjavíkur. Stefnandi hefur átt eða rekið félög sem hafa átt sumarhús að Álfabrekku 4, Borgarnesi. Stefnandi telur að stefnda sé

óheimilt að selja sér heitt vatn til húshitunar sem er að staðaldri um 55°C við tengi-grind hússins án þess að veita stefnanda afslátt sem samsvarar 2% af verði fyrir hverja gráðu sem vatnið er kaldara en 80°C.

Málatilbúnaður stefnanda grundvallast á réttarástandi sem ríkti fram til haustsins 2002 og félagið sem átti sumarhúsið þá naut góðs af. Af þessum sökum þykir rétt að rekja nokkuð sögu hitaveitu á svæðinu fram að því að umrætt hús tengdist hitaveitunni.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) var stofnuð í mars 1979. Henni bar að sjá um gerð og rekstur hitaveitu á starfssvæði sínu, frá Deildartunguhver í Reykholtssdal til Borgarness og Akraness. Akraneskaupstaður, Borgarnesbær, Andakílshreppur og Bændaskólinn á Hvanneyri áttu veituna og hafði hún einkaleyfi til reksturs á því starfssvæði. Frá árinu 1983 hafði fjárhagsvandi mikil áhrif á alla starfsemi fyrirtækisins. Árið 1995 var fjárhagur hitaveitunnar endurskipulagður og henni var skipt upp í þrjú fyrirtæki. Við þetta hætti HAB að selja heitt vatn í smásölu í Borgarnesi og á Akranesi en seldi þess í stað vatn til veitufyrirtækja í þessum byggðarlögum sem sáu um dreifinguna. Borgarbyggð yfirtók veitukerfi HAB í Borgarnesi og Akranesveita tók yfir veitukerfið á Akranesi.

Vegna þessara breytinga á rekstrarforminu var sett ný reglugerð nr. 664/1995 um HAB. Í b-lið 2. mgr. 17. gr. hennar kom fram að greitt væri fyrir magn vatns. Hins vegar væri gjaldið leiðrétt með tilliti til þess hversu heitt það væri við afhendingu. Fyrir hverja gráðu sem vatnið var kaldara en 80°C var veittur 2% afsláttur en væri vatnið heitara við afhendingu hækkaði gjaldið um 2% fyrir hverja gráðu.

Árið 2001 rann hlutur Akranesveitu í HAB inn í Orkuveitu Reykjavíkur og tók sameiningin gildi 1. desember sama ár. Eign Borgfirðinga í veitunni rann einnig inn í Orkuveituna mánuði síðar, 1. janúar 2002. Þrátt fyrir sameiningu við Orkuveituna var HAB rekin áfram sem sérstakt fyrirtæki enn um skeið. Verkefni þess var aðallega að selja Orkuveitunni heitt vatn úr Deildartunguhver og Bæjarsveit. Það var í samræmi við þær breytingar sem urðu á skipulagi HAB um áramótin 1995/1996 en eftir það gegndi HAB, eins og áður segir, aðallega því hlutverki að selja dreifiveitunum á Akranesi og í Borgarnesi heitt vatn í heildsölu.

Grundvöllur sameiningar Akranesveitu og Borgarnesveitu annars vegar og Orkuveitunnar hins vegar voru viljayfirlýsingar viðkomandi sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar. Í yfirlýsingunum var það tekið fram að sama þjónusta og gjaldskrá og gildi í Reykjavík við sameininguna skyldi gilda á Akranesi og í Borgarnesi. Í viljayfirlýsingu við Borgarbyggð var það tilgreint til viðbótar að á öðrum svæðum í Borgarbyggð skyldi leitast við að veita góða þjónustu á hagstæðu verði.

Í kjölfar þessa tóku gildi lög um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 139/2001. Í 5. gr. þeirra stóð að Orkuveitan tæki við einkarétti Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar og Hitaveitu Borgarness til starfrækslu hitaveitu.

Við þennan samruna lækkaði söluverð heits vatns í framangreindum sveitarfélögum um 34% en afsláttarkjörin sem höfðu verið veitt voru aflögð í október 2002.

Að sögn stefnanda var sumarhúsið að Álfabrekku 4, Borgarnesi, reist árið 2000. Félagið Ferðaskrifstofa Vesturlands ehf. átti það þá og var stefnandi framkvæmdastjóri þess. Hann eignaðist félagið síðar. Húsið var hitað með vatni frá HAB fram að sameiningunni sem rakin hefur verið. Orkuveitan mun þó frá upphafi viðskiptanna hafa gefið út reikningana.

Meðal gagna málsins eru upplýsingar um það að einn eigandi sumarhúss í sömu sumarhúsabyggð og stefnandi segist fá vatn frá stefnda sem er í það minnsta 80°C heitt. Stefnandi ber að frá upphafi viðskiptanna hafi vatnið sem stefndi afhendi honum verið umtalsvert kaldara en það vatn sem aðrir neytendur á svæðinu fá afhent, eða 55°C þegar aðrir fá 80°C heitt vatn. Eins og áður segir var fram til haustsins 2002, skv. reglugerð nr. 664/1995 fyrir HAB, veittur 2% afsláttur af hverri gráðu heits vatns til húshitunar sem var kaldara en 80°C á afhendingarstað, sem er við tengigrind húss. Afsláttur stefnanda nam því 50% af gjaldskrá miðað við 25°C hitamun.

Reglugerð nr. 754/2002 fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarness tók gildi 17. október 2002. Með henni voru afsláttarkjörin aflögð og var stefnanda ekki tilkynnt um það eða veittar sérstakar skýringar á því.

Á grundvelli laga nr. 139/2001 var sett reglugerð nr. 623/2004 um Orkuveitu Reykjavíkur. Hún var felld úr gildi með reglugerð nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur sem enn leggur grunninn að starfsemi stefnda og viðskiptasambandi hans við viðskiptavinina sína. Í 4. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar er svohljóðandi ákvæði:

Orkuveitu Reykjavíkur er ekki skylt að veita afslátt af sölu heits vatns vegna lágs hitastigs þess á afhendingarstað enda geri Orkuveita Reykjavíkur þær ráðstafanir sem má ætlast til af henni til að halda hitastiginu í eðlilegu horfi.

Í 6. gr. reglugerðarinnar segir að stjórn setji gjaldskrá um verð á seldri orku og vatni til notenda. Gjaldskrá fyrir heitt vatn er sett á grundvelli 30. gr. orkulaga nr. 58/1967. Hún öðlast ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest hana og birt í Stjórnartíðindum, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Frá árinu 2015 er í gjaldskrá stefnda sams konar orðalag og í 4. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar.

Árið 2007 keypti stefnandi sumarhúsið í eigin nafni af Ferðaskrifstofu Vesturlands og átti það í níu ár. Árið 2016 seldi hann félagi sínu og sona sinna, Hraðferðum ehf., húsið og varð það félag þá viðsemjandi stefnda vegna kaupa á heitu vatni til húshitunar. Að sögn stefnanda hefur hann, allt frá upphafi viðskiptanna árið 2000, sjálfur

haft umráð og afnot af húsinu, þrátt fyrir að félag á hans vegum hafi átt það fram til 2007 og frá og með 2016.

Í kjölfar breytinga á raforkulögum nr. 65/2003 voru sett lög nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Við gildistöku þeirra um áramót 2013 og 2014 tók starfsemi Orkuveitunnar gagngerum breytingum. Á grundvelli 2. gr. laganna voru stofnuð dótturfélög, stefndi þeirra á meðal. Orkuveitan framseldi rekstur hitaveitu til stefnda sem frá og með þeim tíma hefur séð um að selja stefnanda heitt vatn til húshitunar.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 136/2013 skal ráðherra setja reglugerð um starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur. Það hefur ekki verið gert þótt unnið hafi verið að því í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Enn gildir því áðurnefnd reglugerð nr. 297/2006.

Stefnandi lítur svo á að hann hafi frá gildistöku reglugerðar nr. 754/2002 greitt helmingi hærra verð fyrir húshitun en nágrannar hans. Hann telur gjaldtökuna óréttmæta og hefur leitað leiða til að leiðrétta hana. Hann ritaði Orkuveitunni í byrjun árs 2005 þegar hann kveðst hafa áttað sig á því að afslátturinn hefði verið felldur niður. Hann fékk svar í apríl það ár en gjaldtökunni var ekki breytt. Samkvæmt fram lögðum gögnum aðhafðist stefnandi ekkert í níu ár. Í upphafi árs 2014 leitaði hann til Neytendasamtakanna. Í kjölfar þess lét stefndi prófa þrýsting og inntakshita í sumarhúsi stefnanda. Niðurstaðan var sú að ekki væri lengur vandamál vegna þrýstings á vatni í húsinu en vatnið var enn talsvert kaldara en stefnandi taldi eðlilegt.

Stefndi var á öðru máli og vísaði til almennra stefnumarka sinna um 50° lágmarkshita. Samkvæmt mælingum stefnda á árinu 2014 var inntakshiti vatns að Álfabrekku 4 um 55°C. Fyrir það var þá og er enn greitt samkvæmt gjaldskrá fyrirtækisins vegna afhendingar á heitu vatni. Samkvæmt henni er heitt vatn selt eftir magni en ekki hitastigi (varma). Í gjaldskránni er ákvæði sambærilegt 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 297/2006. Þar er því ekki heimild til að taka mismunandi gjald fyrir mismunandi hitastig vatns enda hafi stefndi gert það sem ætlast má til af honum til þess að hækka inntakshitastig vatns. Stefndi hefur sett upp hitastýrðan loka að Álfabrekku 4 sem heldur inntakshita nærri 55°C með því að hleypa vatni út úr kerfinu til þess að tryggja aukið vatnsflæði.

Í apríl 2014 ritaði stefnandi Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Ráðuneytið taldi ákvæði 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 297/2006 og gjaldskrár stefnda vera óskýr um skyldu til greiðslu afsláttar og viðmið í þeim efnunum, en benti á að úrskurðarvald um þessi matskenndu ákvæði væri í höndum dómstóla eða kærunefnda. Stefnandi óskaði eftir áliti kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa, 26. febrúar 2015. Nefndin lauk málinu með áliti 13. febrúar 2018, eftir að málið hafði verið endurupptekið í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis um að málinu hefði ranglega verið vísað frá. Nefndin taldi sig ekki geta slegið því föstu að heita vatnið sem stefndi afhenti stefnanda væri

haldið galla í skilningi laga nr. 48/2003, né laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Kærufnefndin taldi þó eðlilegt að settar yrðu fyllri reglur um sölu á heitu vatni til húshitunar, þar með talið hitastig á afhendingarstað, í því skyni að skýra réttarstöðu viðskiptamanna hitaveitna.

Stefnandi telur framangreinda niðurstöðu ranga og leitar því til dómstóla.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Aðalkrafa

Galli

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að vatnið sem stefndi afhendir honum sé gallað hvort heldur sem er í skilningi 17. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup eða 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem og samkvæmt almennum reglum kröfuréttar um galla. Hann vísar einkum til þess að söluhlutir skuli *henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til*. Sá samanburður sem verði að fara fram við það mat sé auðveldur, þar eð sambærileg vara, heitt vatn, sé seld fjölda notenda á sama þjónustusvæði. Það liggja fyrir að aðrir kaupendur fái vöruna afhenta í mun meiri gæðum (80°C) en stefnandi (55°C), þrátt fyrir að hann sé krafinn um sama gjald fyrir. Þótt vatnið sem stefndi afhendi honum nýtist til húshitunar, breyti það því ekki að gæði þess til húshitunar séu umtalsvert lakari en gæði sambærilegrar vöru sem stefndi afhendi nágrönnum stefnanda. Varan henti því verr til þeirra nota sem hún sé ætluð til en sambærileg vara sama seljanda á sama þjónustusvæði. Hún sé því gölluð í skilningi framangreindra ákvæða, enda nægi ekki að hlutur henti að einhverju leyti í þeim tilgangi sem hann er ætlaður til, heldur verði hann að henta jafnvel að öllu leyti og sambærilegir hlutir gera. Vegna hins rýra notagildis vatnsins við 55°C þurfi stefndi að kaupa umtalsvert meira heitt vatn en aðrir notendur á svæðinu.

Verðlagning vatnsins miðist við það í fullum gæðum, sem séu 80°C á umræddu þjónustusvæði. Kaupandi sem fái vöruna afhenta í mun lakari gæðum eigi ekki að sæta því að greiða hana fullu verði. Stefndi telji hins vegar sjálfsagt og eðlilegt að stefnandi greiði fullt verð fyrir vatnið, þótt notagildi þess sé umtalsvert rýrara en vatns sem stefndi afhendir öðrum. Stefndi hafi í því sambandi einkum vísað til tveggja atriða. Annars vegar til þess að stefndi sjálfur hafi sett sér þá almennu stefnumörkun að hitastig til afhendingar í sumarhúsum skuli vera að lágmarki 50°C við tengigrind. Hins vegar hafi stefndi vísað til 2. gr. gjaldskrár sinnar nr. 640/2018 og 12. gr. reglugerðar um Orkuveitu Reykjavíkur (nú Veitur ohf.) nr. 297/2006.

Einhliða stefnumörkun stefnda um 50°C lágmarkshita

Stefnandi hafnar því að stefndi geti einhliða sett viðmið um eiginleika söluvöru sinnar, sem valdi því að varan teljist nánast aldrei haldin galla, jafnvel þótt gæði hennar séu augljóslega lakari en gæði samanburðarvöru á sama þjónustusvæði. Lögum um lausafjárkaup og neytendakaup sé ætlað að vernda viðskiptamenn gegn slíku sjálf-dæmi um gæði söluhlutar. Neytendavernd laganna sé lítils virði geti stefndi haft sanngjarnan og réttmætan afslátt af stefnanda með því að skilgreina viðmiðið 30°C lægra en almennt hitastig á viðkomandi veitusvæði.

Stefnandi telur að í stefnumörkun stefnda felist ekki annað og meira en markmið hans um lágmarkshitastig vatns á öllum starfssvæðum hans í dreifbýli og sumarhúsasvæðum almennt. Þessi stefnumörkun hafi því ekki þýðingu við mat á galla söluvörunnar, eins og stefndi byggir á. Stefnandi bendir á að í gjaldskrá stefnda, sem ráðherra hafi staðfest, sé ekki vísað til þessara stefnumarka í tengslum við hitastig vatns. Þeim sé því ekki ætlað að setja gæðaviðmið í viðskiptum stefnanda við stefnda. Enda standist ekki að víkja þannig frá eðlilegu viðmiði um hitastig vatns á þjónustusvæði stefnda, sem óumdeilanlega sé 80°C miðað við það sem komi fram í skjalinu Talnaefni Orkustofnunar, dagsettu 2. mars 2018. Í slíkum viðskiptaskilmálum felist óheimil mismunur viðskiptamanna og þar með sé brotið gegn bæði lögum um lausafjárkaup og neytendakaup. Stefnandi hafi ekki rökstutt hvers vegna 50°C sé eðlilegra viðmið en 80°C viðmiðið sem forveri stefnda á veitusvæðinu lagði til grundvallar. Öll rök hnígi að því að leggja beri upphaflegt hitaviðmið til grundvallar, enda byggir það á almennum afhendingarhita á svæðinu og jafnræði viðskiptamanna á sama svæði.

Stefnandi áréttar að við mat á galla skuli leggja til grundvallar augljósan samanburð við aðra neytendur á þjónustusvæði stefnanda. Jafnvel þótt þess samanburðar nyti ekki við væri hægt að bera hitastigið saman við hitastig annarra veitna á landinu, sem hljóti ávallt að teljast raunhæfari samanburður en einhliða sjálf-dæmi stefnda.

Stefnandi vísar einnig til yfirlits Orkustofnunar yfir hitastig vatns á landsvísu, og gjaldskrár annarra hitaveitna. Þar sé yfirlit yfir hitastig heits vatns (framrásarhiti) hjá öllum hitaveitum á landinu, bæði þeirra sem nýti eingöngu jarðvarma til hitunar sem og þeirra sem nýti raforku eða olíu til hitunar á köldu vatni. Yfirlitið sýni að framrásarhiti sé á bilinu 54°–92°C við afhendingu og í flestum tilvikum hærra en 70°C. Virðist mega slá því föstu að hitastig á bilinu 70-80°C sé almennur framrásarhiti á landsvísu. Þessi samanburður sýni svo ekki verði um villst að 50°C geti ekki undir neinum kringumstæðum talist eðlilegt og raunhæft viðmið um það hvort hitastig vatns hafi þá eiginleika sem almennt megi ætlast til þannig að vatnið teljist ekki haldið galla í skilningi framangreindra laga. Stefnandi hafi ekki fært fram eðlileg og sanngjörn rök fyrir því hvers vegna viðmið um 50°C ætti að vera lagt til grundvallar á umræddu þjónustusvæði gagnvart stefnanda.

Stefnandi bendir á að hitaviðmið stefnda hafi ekki fengið staðfestingu ráðherra, en samkvæmt 4. mgr. 32. gr. orkulaga nr. 58/1967 beri að setja orkuveitum gjaldskrá sem ráðherra staðfesti. Samkvæmt 1. málslíð 1. mgr. 4. gr. laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur gildi ákvæðið einnig eftir setningu þeirra laga. Þetta viðmið stefnda um 50°C hitastig geti því ekki talist hluti gjaldskrár stefnda í viðskiptum hans við stefnanda, þar eð ráðherra hafi ekki staðfest það.

Ráðuneytið sjálft hafi ekki talið sig hafa valdheimildir til að skera úr um hvort stefnda bæri að tryggja stefnanda hærra hitastig eða veita að öðrum kosti afslátt af verði. Þetta væru matskennd ákvæði sem dómstólar yrðu að skera úr um.

Önnur grein gjaldskrár stefnda og 12. gr. reglugerðar nr. 297/2006 um stefnda

Til stuðnings því að vatnið teljist ekki gallað vísi stefndi til 2. gr. gjaldskrár sinnar og 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur sem hafi frá upphafi árs 2015 verið samhljóða:

Orkuveitu Reykjavíkur (Veitum ohf.) er ekki skylt að veita afslátt af sölu heits vatns vegna lágs hitastigs þess á afhendingarstað enda geri Orkuveita Reykjavíkur (Veitur ohf.) þær *ráðstafanir sem má ætlast til af henni til að halda hitastiginu í eðlilegu horfi*.

Stefnandi telji þetta ákvæði vera verulega óljóst og hafnar skilningi stefnda á því. Stefnandi hafnar því að stefndi hafi gert þær ráðstafanir sem ætlast má til af honum með því að stilla úthlaup við inntak hjá stefnanda á 55°C.

Stefnandi telur að skýra beri þetta ákvæði reglugerðarinnar þannig að það varði lækkun á hitastigi vatns sem verði vegna tímabundinnar röskunar á þjónustu stefnda eða vegna flökts á hitastigi vatns, svo sem vegna vandkvæða við að halda eðlilegum þrýstingi. Þessi skilningur samræmist því orðalagi ákvæðisins að „*halda hitastiginu í eðlilegu horfi*“. Hann samræmist jafnframt markmiðum framangreindra laga um hagsmunavernd kaupanda og almennum sjónarmiðum um jafnræði viðskiptamanna.

Stefnandi bendir einnig á að í eldri reglugerð hafi verið gerður greinarmunur á veitingu afsláttar eftir því hvort lækkun hitastigs var tímabundin eða viðvarandi. Í 3. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 664/1995 fyrir HAB um leiðréttingu á gjaldi fyrir vatnsnotkun vegna hitastigs kom fram að við útreikningana væri gengið út frá *eðlilegu jafnvægisástandi* í aðveitu og dreifikerfi. *Ekki væri leiðrétt vegna tímabundinna hitasveiflna* í aðveitu, en búast mætti við hærri vatnshita í þurrviðri og lægri hita í bleytu-tíð.

Ekkert hafi komið fram um að ætlun ráðherra með nýrri reglugerð hafi verið að gjörbylta þessu fyrirkomulagi, eins og stefndi haldi fram. Stefnandi bendir á að ráðuneytið sjálft viðurkenni að það komi ekki fram í 4. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar

hvort átt sé við varanlega lágt hitastig vatns eða tímabundnar sveiflur. Þetta sé mats-
kennt ákvæði sem dómstólar verði að skera úr um. Stefnandi áréttar að skýra beri óljós
ákvæði neytanda í hag.

Jafnvel þótt skilja bæri orðalag 4. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar á þann hátt
sem stefndi vill gera, þ.e. að átt sé við varanlegt hitastig vatns en ekki tímabundnar
sveiflur, telur stefnandi það ekki standast að stefndi leggi 50°C sjálfðæmisviðmið sitt
til grundvallar mati á því hvað teljist *eðlilegt horf* hitastigs. Aðrir neytendur á sölu-
svæðinu fái 80°C heitt vatn afhent. Samkvæmt því væri eðlilegt að stefndi stillti
úthlaup vatnsins hjá stefnanda á 80°C vildi hann komast hjá skyldu sinni til að greiða
stefnanda réttmætan afslátt. Að öðrum kosti sé ekki unnt að líta svo á að hann hafi gert
þær ráðstafanir sem ætlast megi til af honum til að halda hitastiginu í eðlilegu horfi.
Ráðuneytið hafi lýst því mati sínu að stefndi geti gert frekari ráðstafanir til þess að
halda hitastiginu í eðlilegu horfi, til dæmis með því að auka flæði heits vatns og stilla
úthlaup hærra.

Stefnandi ítrekar að hvorki í reglugerð um starfsemi stefnda né gjaldskrá
stefnda, sem ráðherra staðfesti skv. orkulögum, sé vísað til þessa innra viðmiðs
stefnda um 50°C lágmarkshitastig. Ráðherra hafi því ekki staðfest þetta viðmið
stefnda sem eðlilegt viðmið um lágmarkshita í samhengi við verðlagningu gagnvart
viðskiptavinum stefnda.

Stefnandi leggur áherslu á að hvað sem líði merkingu ákvæða í 2. gr. gjald-
skrár stefnanda og 4. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar geti þau ekki gengið framur
skýrum ákvæðum laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og 48/2003 um neytendakaup,
sem leiði til þess að horfa beri til 80°C sem viðmiðs við mat á því hvort vatnið teljist
gallað. Engar heimildir séu í orkulögum nr. 58/1967, sem reglugerðin byggir á, fyrir
því að seljendur heits vatns séu undanþegnir ákvæðum laga um galla. Engar aðrar
lagaheimildir liggi til grundvallar undanþágu frá gallareglum tilvitnaðra laga. Reglu-
gerð sem kvæði á um slíka undanþágu væri því haldlaus og að vettugi virðandi.

Vatn eða varmi?

Stefnandi byggir jafnframt á því að þegar stefndi selji heitt vatn til húshitunar
selji hann varmaorku en ekki einvörðungu vatnslitra. Því meiri varma sem vatnið
flytji, þeim mun meiri séu gæði vatnsins. Hitastig vatnsins sé þar að sjálfsögðu grund-
vallaratriði.

Stefnandi bendir á að í bréfi sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sendi
honum 4. febrúar 2015 komi fram að Orkustofnun hafi innt stefnda eftir því *hvort
nokkuð mælti gegn því að settur yrði upp orkumælir í stað magnmælis hjá stefnanda
þannig að stefnandi myndi þá greiða í samræmi við þá orku sem hann væri að fá inn*

til sín en ekki vatnsmagnið sem eðlilega væri mjög hátt þar sem hitastigið væri lágt. Bent hafi verið á að margar hitaveitur hefðu skipt út magnmælum fyrir orkumæla, og sérstaklega væri það algengt í dreifbýli þar sem hitastig notanda lengst frá aðveitulögn gæti verið umtalsvert lægra en hjá þeim sem næst eru lögninni. Stefndi hafi svarað að það hafi verið til skoðunar að skipta yfir í orkuígildismæla á veitusvæðum stefnda, en það hafi ekki verið talið verjandi vegna kostnaðar.

Stefnandi telji enn síður verjandi að stefndi geri honum að greiða mun hærra verð fyrir vöruna (varmann) en aðrir neytendur greiði fyrir sömu vöru. Stefnandi eigi ekki að bera kostnaðinn af því að stefndi telji sig ekki geta mælt rétt, eða hafi ekki vilja til að mæla rétt. Varan sé eftir sem áður gölluð. Það liggi fyrir að orkumælar séu mun fullkomnari mælikvarði á söluvöruna, sem um er deilt í málinu, en magnmælar. Orkumælar tryggi nákvæmari mælingu og jafnræði viðskiptavina.

Á meðan stefndi mæli ekki varmann sem hann selji stefnanda verði að horfa til þess viðmiðs (þeirra skilmála) sem giltu um viðskipti með heitt vatn að Álfabrekku 4, áður en stefndi kom til sögunnar, þ.e. að veita skuli afslátt sem nemi 2% fyrir hverja gráðu sem hitastigið var lægra en 80°C. Slíkur mælikvarði taki mið af því að seldur sé varmi (orka) en ekki einungis vatn í lítratali. Afslátturinn endurspeglar að gæði vatnsins séu rýrari og komi til móts við kaupanda sem þurfi að kaupa meira vatn til hitunar en þeir sem fá vatnið í fullum gæðum. Að þessu leyti sé mælikvarðinn sanngjarn og eðlilegur og tryggi jafnræði stefnanda gagnvart öðrum viðskiptavinum á veitusvæðinu.

Hafa verði í huga að Hitaveita Akraness og Borgarness, forveri stefnda, hafi sjálf samið reglugerðina og sett inn viðmiðið um afsláttinn, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 664/1995. Það hljóti að mega slá því föstu að viðmiðið endurspeglar muninn á notagildi vatnsins og tryggi þannig að þeir sem kaupa kaldara vatn greiði sama verð fyrir sama notagildi (orkugildi) og þeir sem fá heitara vatn, þar sem hinir fyrrnefndu þurfi meira magn vatns. Þetta sé í raun eðlisfræðilegt lögmál sem byggist á umreikningi varmans yfir í orku (kWst.). Hver hitagráða undir viðmiði jafngildi því að vatnið beri 2% minni orku en vatn í fullum hita. Notagildi vatnsins sé því 2% minna og þar af leiðandi þurfi að leiðrétta verðið fyrir það með 2% afslætti til þess að bæta kaupandanum upp rýrunina.

Í skjalinu Talnaefni Orkustofnunar megi til dæmis sjá að vatn á Höfnum er 70° en 75° í Garði. Vatnið kosti hins vegar það sama (121,05 kr./m³) sem þýði að notandi í Höfnum greiði 10% meira fyrir hverja kWst. (3,30 kr. í stað 2,97 kr.), sem aftur endurspeglar að hver gráða felur í sér 2% mun). Fyrir neðan töflu Orkustofnunar komi fram að útreikningarnir miðist við 30°C bakrásarhita, en í því felist að hiti innan við 30° nýtist ekki til húshitunar. Á veitusvæði stefnda (HAB) nýtist því 50° til húshitunar (80°-30° = 50°) miðað við vatn í fullum gæðum. Hver gráða jafngildi því 2% af nýtan-

legum varma. Stefndi fái einungis vatn í 55°, sem jafngildi 25° af nýtanlegu vatni (55°-30°), sem er 50% af notagildi vatnsins í fullum gæðum.

Þótt það vefjist fyrir stefnda hvort hann selji heitt vatn í lítratali eða varma, virðist það ekki vefjast fyrir öðrum hitaveitum. Til dæmis megi sjá af samanburði á gjaldskrár tiltekinn hitaveitna að þær leggi hitastig til grundvallar verðlagningu og afslætti við sölu á heitu vatni. Þetta undirstriki enn frekar þá málsástæðu stefnanda að hitastigið sé grundvallaratriði við mat á eiginleikum heits vatns sem söluvöru. Í þessari samantekt séu bæði veitur sem kveða á um mismunandi verð fyrir mismunandi hitastig (t.d. Hitaveita Húsavíkur, Norðurorka, Hitaveita Reykjahlíðar, HS Veitur), veitur sem leiðrétti verð miðað við tiltekið hitastig (Rarik á Blönduósi og Skagaströnd, Kjósarveitur, viðmiðunarhitastig er 70°C hjá þessum veitum) og veitur sem miði við orkuinnihald vatnsins (Norðurorka (Reykjaveita) og Skagafjarðarveitur verðleggja heitt vatn miðað við orkuinnihald vatnsins).

Almenn lækkun gjaldskrár jafngildir ekki sértækum afslætti vegna galla gagnvart tilteknum viðskiptamanni

Stefndi byggir á því að hann hafi leiðrétt hlut stefnanda með því að lækka gjaldskrána í heild sinni þegar stefndi tók við rekstrinum og því sé eðlilegt að sértæki afslátturinn hafi verið felldur niður. Stefnandi hafnar þessari málsástæðu. Það sé augljóst að almenn verðlækkun til allra viðskiptamanna bæti ekki galla á söluvöru til tiltekins viðskiptamanns. Eftir sem áður þurfi stefnandi að kaupa umtalsvert meira vatn til þess að fá sama varma og aðrir notendur fá gegn lægra gjaldi. Hann sitji enn uppi með gallaða vöru á meðan aðrir fái ógallaða vöru.

Mismunun viðskiptavina

Eins og áður hafi verið rakið hafi gjaldskrá fyrri rekstraraðila á veitusvæðinu tryggt jafnræði viðskiptavina með ákvæði um 2% afslátt fyrir hverja gráðu sem afhent vatn var kaldara en 80°C. Í þessu hafi falist sanngjarn, hlutlægur og réttlátur mælikvarði við verðlagningu vörunnar. Fullt tillit hafi verið tekið til gæðamunar við afhendingu. Þessu jafnræði hafi stefndi raskað eftir að hann tók við rekstrinum, án þess að nokkrar málefnalegar eða lögmætar ástæður lögju til grundvallar.

Stefndi hafi hafnað því að í þeim viðskiptakjörum sem hann veiti stefnanda felist mismunun viðskiptavina og bendi á að óeðlilegt sé að aðrir notendur greiði kostnaðinn af því að tiltekinn aðili sé lengra frá dælustöð. Þessu mótmæli stefnandi. Eðli hitaveitu sé að kostnaði sé dreift jafnt á alla notendur en ekki innheimt eftir fjarlægð frá dælustöð eða öðrum áþekktum atriðum sem mismuni viðskiptamönnum, enda njóti allir notendur hitaveitu góðs af auknum fjölda notenda. Stefnandi þjóni í raun hlutverki „úthlaups“ fyrir aðra notendur á svæðinu.

Stefndi hafi ekki sýnt fram á nein málefnaleg rök fyrir þeirri mismunun viðskiptavina sem komið var á eftir að hann tók við rekstri hitaveitu á þjónustuvæðinu. Ekkert réttlæti að stefnandi sé látinn sæta lakari kjörum í viðskiptum sínum við þetta opinbera fyrirtæki, sem hafi einokunarstöðu á veitusvæðinu, heldur en aðrir neytendur á sama svæði.

Eins og áður greini sé það hlutverk ráðherra að staðfesta gjaldskrá hitaveitu, sbr. 3. mgr. 32. gr. orkulaga nr. 58/1967. Skilja verði 6. mgr. 32. gr. orkulaga svo að í henni felist að reksturinn skuli standa undir kostnaði ásamt hóflegri arðsemi sem aldrei fari yfir 7%. Þetta endurspeglar samfélagslegt hlutverk orkuveitna. Enn fremur verði að líta svo á að ráðherra fari með eftirlits- og samræmingarhlutverk þegar hann staðfesti gjaldskrár hitaveitna. Í því felist meðal annars að sömu lögmál séu lögð til grundvallar við sölu þessarar sömu vöru, sem og að jafnræði allra viðskiptamanna hitaveitna sé tryggt. Þannig hljóti almenn sjónarmið um jafnræði og réttlæti í verðlagningu að liggja til grundvallar málefnalegri gjaldtöku. Engar lagaheimildir heimili mismunun viðskiptamanna. Loks sé ráðherra við setningu gjaldskráa bundinn af ákvæðum annarra laga sem tryggja réttindi viðskiptamanna, svo sem laga um lausafjárkaup sem mæla fyrir um afslátt þegar söluvöru er áfátt.

Séreðli vatns, áhættan af söluhlut

Stefndi hafi borið fyrir sig að eðli vatns sé sérstakt og það réttlæti viðskiptakjör hans gagnvart stefnanda. Stefnandi geti ekki fallist á þetta. Margar vörur séu þess eðlis að geta rýrnað eða skemmst. Það sé ótvírætt skv. 1. mgr. 13. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 að áhættan af rýrnun söluhlutar sé hjá seljanda fram að afhendingu. Þessi grundvallarregla gildi að sjálfsögðu einnig um kólnun vatnsins áður en það er afhent stefnanda. Kólnunin sé á ábyrgð seljanda, sem geti dreift kostnaðinum á alla neytendur veitunnar, enda njóti þeir góðs af því að stefnandi sé „endakaupandi“. Slíkt fyrirkomulag sé bæði sanngjarnt og eðlilegt. Stefnandi ætti ekki umfram aðrar hitaveitur að þurfa að skilgreina gæði vatns svo lág að í raun komi aldrei til afsláttar. Eðli þess vatns sem hann selji sé ekki annað en eðli vatns frá öðrum hitaveitum.

Við lestur gjaldskráa annarra hitaveitna á landinu verði ekki séð að nein hitaveita, önnur en stefndi, reyni að hafa afslátt af viðskiptavinum sínum með því að skilgreina hitastig vatns langt undir eðlilegu viðmiði. Hins vegar megi, eins og áður sagði, bæði finna veitur sem kveði á um mismunandi verð fyrir mismunandi hitastig, veitur sem leiðrétti verð miðað við tiltekið hitastig og veitur sem miði við orkuinnihald vatnsins. Af þessum gögnum sé augljóst að hitastig sé alls staðar grundvallaratriði við verðlagningu á heitu vatni, sem ætti ekki að koma neinum á óvart.

Um grandsemi kaupanda, sbr. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 og 20. gr. laga nr. 50/2000

Í málatilbúnaði stefnda hafi verið byggt á því að stefnandi verði að sæta þessum galla á vatninu bótalaust, þar eð honum hafi verið kunnugt um hitastigið þegar hann hóf viðskipti sín við stefnda. Stefnandi mótmælir þessu og telur ákvæðið ekki geta átt við hér. Stefnandi hafi gert athugasemdir og krafist leiðréttinga af hálfu stefnda allt frá á árinu 2005, þegar honum varð ljóst að stefndi hefði einhliða fellt niður afsláttinn sem stefnandi naut fram til þess. Stefnandi hafi haldið þeirri baráttu áfram og hafi aldrei fallist á þá mismunun sem stefndi vilji gera honum að þola. Stefnda hafi því verið fullkunnugt um þessar athugasemdir stefnanda. Einnig verði að hafa í huga að húsið hafi frá upphafi verið tengt veitu stefnda og aðilaskipti að sumarhúsinu breyti engu um þetta. Afhending vatnsins haldi áfram eftir sem áður, enda viðskiptin löngu komin á, þótt nýr greiðandi taki við þegar húsið var selt. Kaupandi við slíkar aðstæður sé ekki í sömu sporum og kaupandi sem kynni sér söluhlut áður en hann ákveði að ganga til viðskipta við seljanda, þar sem viðskiptin hafi verið ráðin áður.

Einnig verði að horfa til þess að stefnandi hafi ekkert val um viðskiptin, þar eð stefndi sé eini söluaðili heits vatns á svæðinu og hjá því verði ekki komist að kaupa vatn til kyndingar sumarhúsa (rafmagnskynding sé ekki raunhæfur kostur). Það fái ekki staðist í slíkum tilvikum að seljandi geti þröngvað kaupanda til að sætta sig við galla á söluvöru á þeim grundvelli að kaupanda hafi verið ljóst að vörunni væri áfátt. Ákvæðið verði ekki skýrt svo þröngum og einhliða skilningi, enda fæli það í sér að einokunarkaupmenn gætu þvingað viðskiptamenn sína til að sæta óréttmætum kjörum, þar sem þeir eru ekki í neinni aðstöðu til að afþakka viðskiptin.

Einkaréttur á svæðinu

Stefnandi bendir á þá niðurstöðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að stefndi fari með einkaleyfi á svæðinu. Það þýði að stefnandi geti ekki keypt heitt vatn af neinum öðrum. Það ráði þó ekki úrslitum hvort stefndi hafi lögvarinn einkarétt til hitaveitu því stefnandi geti ekki skipt við aðra hitaveitu en stefnda. Hann geti því ekki beint viðskiptum sínum annað þótt hann sé ósáttur við kjörin.

Aðstöðumunur aðila og einhliða skilmálar

Að mati stefnanda hafi aðstöðumunur málsaðila þýðingu við skýringu á skilmálum sammings þeirra í milli. Hann sé einstaklingur á eftirlaunum andspænis stóru opinberu fyrirtæki sem njóti einkaréttar í viðskiptum og hyggist greiða eigendum sínum 1,25 milljarð króna í arð 2018. Þar eð sammingskilmálar stefnda, gjaldskrá og stefnuviðmið, séu samdir einhliða beri að túlka allan vafa stefnanda í hag.

Fyrri viðskipti og þýðing þeirra

Stefnandi byggir einnig á því að stefnda sé óheimilt að svipta stefnanda afsláttarkjörum einhliða eða fella þau niður bótafjárlausn. Eignarhald á sumarhúsinu hafi í reynd verið samfelld og sami einstaklingur komið fram í viðskiptum við stefnda með heitt vatn vegna sumarhússins að Álfabrekku 4. Viðskiptasambandið sé hið sama þótt nýr notandi komi til sögunnar að nafninu til. Staða stefnda sem orkusala í þessum viðskiptum sé óbreytt, enda afhendi hann enn sömu vöru á sama afhendingarstað. Réttur til leiðréttingar á viðskiptakjörum hafi því ekki fallið niður við þessi aðilaskipti að forminu til.

Um 36. gr. samningalaga

Verði litið svo á að framangreindar afsláttarheimildir eigi af einhverjum ástæðum ekki við vísar stefnandi einnig til heimildar dómstóla til þess að víkja samningi til hliðar eða breyta honum á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga. Stefnandi byggir á því að þau viðskiptakjör sem stefnanda sé gert að sæta séu ósanngjörn og andstæð góðri viðskiptavenju í skilningi ákvæðisins og megi því breyta þeim á þann veg að hann njóti leiðréttingar úr hendi stefnda sem nemi 50% af kostnaði hans við húshitun (2% fyrir hverja gráðu á Celsius sem hitastig vatnsins sé lægra en 80°C), með þeim rökum sem gerð hafi verið grein fyrir hér að framan. Leiðréttingin taki til sama tímabils og afsláttarkrafa stefnanda. Hann vísar einnig til 36. gr. a-c.

Sundurliðun fjárkröfu

Stefnandi vísar til þess að hann hafi óskað álits kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa 27. febrúar 2015, sem marki slit fyrningar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.

Fjárfrafa stefnanda byggist, eins og áður segir, á því að honum beri 2% afsláttur fyrir hverja gráðu sem heita vatnið sem hann fær afhent er kaldara en samkvæmt viðmiðunarmörkum, sem eru 80°C. Samkvæmt því beri stefnanda 50% afsláttur af reikningum stefnda ($80^\circ - 55^\circ = 25^\circ * 2\% = 50\%$).

Heildarfjárhæð reikninga hans fyrir tímabilið 17. mars 2011 til 15. október 2018 nemi samtals 1.471.869 kr. Af þeirri fjárhæð nemi 50% 735.935 kr., sem sé höfuðstóll kröfu stefnanda. Þar af séu 450.465 kr. vegna viðskipta stefnanda sjálfs 17. mars 2011 til 16. apríl 2016, en 285.469 kr. vegna viðskipta Hraðferða ehf. við stefnda frá 11. maí 2016 til 15. október 2018.

Stefnandi krefjast dráttarvaxta frá 27. mars 2015, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 3. mgr. 5. gr. sömu laga, en þá var mánuður liðinn frá því að hann lagði fram fyrir kærunefnd kröfu um afslátt á hendur

stefnda. Uppsöfnuð afsláttarfjárhæð næstliðinna fjögurra ára hafi þá numið 277.974 kr. Við höfuðstól dráttarvaxtakröfunnar bætist afsláttur vegna áfallandi reikninga mánaðarlega allt til 16. apríl 2016, sem var síðasti reikningur sem stefnandi greiddi sjálfur. Stefnandi krefst dráttarvaxta af uppsafnaðri fjárhæð á þeim tíma, 450.465 kr. til 22. desember 2018. Hann krefst ekki dráttarvaxta af þeim hluta kröfunnar sem á rót sína að rekja til viðskipta Hraðferða ehf. við stefnda fyrir en mánuði frá þeim degi er þetta mál var höfðað, sbr. 4. mgr. 5. gr. vaxtalaga. Frá þeim degi bætist við krafa vegna viðskipta Hraðferða ehf. og er krafist dráttarvaxta af heildarfjárhæðinni 735.935 kr. til greiðsludags. Hann krefst þess að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, sbr. 1. mgr. 12. gr. vaxtalaga.

Framsal

Áður er frá því greint að fyrirtæki í eigu stefnanda, Hraðferðir ehf., eignaðist sumarhúsið árið 2016 og hafi það verið viðsemjandi stefnda vegna kaupa á heitu vatni frá þeim tíma. Hraðferðir ehf. hefur framselt stefnanda kröfu sína á hendur stefnda vegna viðskipta með heitt vatn að Álfabrekku 4. Lagarökin að baki kröfunni eru þau sömu fyrir allt tímabilið, en vissulega gilda lög um neytendakaup ekki fyrir tímabilið sem Hraðferðir ehf. hefur farið með eignarhald á húsinu. Það breytir því ekki að reglur laga um lausafjárkaup eru efnislega samhljóða og leiða til sömu niðurstöðu.

Um varakröfu

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnanda telur stefnandi efni til þess að dómstóllinn dæmi honum afslátt eða leiðréttingu að álitum. Til stuðnings varakröfu er vísað til framangreindra sjónarmiða að breyttu breytanda. Þess er krafist að við mat á afslætti að álitum verði litið til dráttarvaxta á sömu gjalddögum og af aðalkröfu.

Málsástæður og lagarök stefnda

Aðalkrafa um sýknu

Aðalkrafa stefnda um sýknu byggist einkum á því að vatnið sem stefndi selji stefnanda sé ekki gallað og því eigi stefnandi ekki rétt á afslætti. Jafnframt liggi sanngjarn og skýr samningur til grundvallar viðskiptasambandi málsaðila. Auk þess leiði hvorki lög, önnur stjórnvaldsfyrirmæli né viðskiptavenja á þessu sviði til þess að verða eigi við kröfu stefnanda.

1.

Stefndi byggir á því að heita vatnið sem hann afhendi sé af þeim gæðum og eiginleikum sem leiði af samningi hans við stefnanda. Á milli stefnanda og stefnda sé óumdeilt samningssamband þar sem stefndi selji stefnanda heitt vatn. Samningurinn

byggist á reglugerð nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur, tæknilegum tengiskilmálum hitaveitna, sbr. auglýsingu nr. 890/2012, tengiskilmálum stefnda um afhendingu á heitu vatni og nógildandi gjaldskrá hitaveitu stefnda nr. 1270/2018 og eldri gjaldskrám sama efnis. Framangreindar heimildir eigi annars vegar stoð í lögum um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 136/2013 og hins vegar orkulögum nr. 58/1967.

Stefndi geri almennt ekki, ekki frekar en aðrar hitaveitur, einstaklingsbundna samninga við notendur um sölu á heitu vatni. Viðskiptasamband hans við kaupendur vatns grundvallist á lögum um starfsemina, reglugerð um viðkomandi aðila/starfsemi og skilmálum viðkomandi hitaveitu. Það sé almennt venja að líta svo á að með því að ganga til viðskipta við hitaveitur og greiða reikninga hafi viðkomandi viðskiptavinur gengist undir þá skilmála sem gildi hverju sinni. Það sé einnig í samræmi við það sem almennt eigi við um raforkusölu og rekstur vatns- og fráveitu hér á landi. Þessi framkvæmd endurspeglar meðal annars í tæknilegum tengiskilmálum hitaveitna, sbr. t.d. greinar 2.4, 3.2.2 og 4.1 og ákvæðum reglugerða um hitaveitur hér á landi. Með hliðsjón af þessum skriflegu heimildum telji stefndi því að á milli málsaðila sé samningur sem byggir meðal annars á stöðluðum skilmálum stefnda. Til hans beri að líta þegar túlkaðar eru þær kröfur sem stefnandi gerir í stefnu.

Um starfsemi stefnda gildi reglugerð nr. 297/2006. Í 4. mgr. 12. gr. hennar segi meðal annars að ekki sé skylt að veita afslátt þótt hitastig vatns sé lágt á afhendingarstað enda geri stefndi þær ráðstafanir sem ætlast megi til af honum til þess að halda hitastigi í eðlilegu horfi. Efni þessa ákvæðis endurspeglar í gjaldskrám stefnda en þær hafi ekki gert ráð fyrir afslætti þegar hitastig vatns sem afhent er sé lægra en tiltekin viðmiðunarmörk. Fyrri eigandi hitaveitunnar hafi hins vegar, á grundvelli eldri reglugerðar um starfsemina, gert ráð fyrir hitastigsleiðréttingum. Þær hafi verið afnumdar þegar stefndi tók við rekstrinum, en þá féll eldri reglugerð úr gildi og var það gert í samráði við og með fullri vitneskju fyrri eiganda veitunnar, þ.e. Akraneskaupstaðar og Borgarness, sbr. áðurgreindar viljayfirlýsingar.

Tengiskilmálar stefnda séu settir á grundvelli 11. gr. reglugerðar nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur sem heimili stefnda að setja í tengiskilmála sína ákvæði um lagningu heimlagna og tengingu þeirra við húsveitur húseigenda. Þar komi fram að húsveita skuli fullnægja kröfum sem séu settar í reglugerðum og tengiskilmálum. Í tengiskilmálum stefnda segi að aðstæður í veitukerfi hitaveitu séu mjög mismunandi, bæði varðandi þrýsting og hitastig. Þéttleiki og hæðarlega byggðar sé mismunandi og þar af leiðandi sé þrýstingur og hiti misjafn frá einum stað til annars.

Eins og ætlast sé til í tæknilegum tengiskilmálum hitaveitna, sbr. auglýsingu nr. 890/2012, sé í tengiskilmálum stefnda einnig fjallað um efri og neðri mörk hitastigs. Tæknilegir tengiskilmálar hitaveitna gildi fyrir stefnda, sbr. grein 1.1, og séu settir skv. orkulögum og skuli teljast hluti reglugerðar stefnda. Í grein 3.2.2 segi að

hitaveitur setji í reglugerð eða sérskilmála stefnumörkun um hitaviðmið í dreifikerfi hvers veitu- eða gjaldskrársvæðis. Þetta sýni, öfugt við það sem stefnandi haldi fram, að í stjórnvaldsfyrirmælum sé lagt fyrir stefnda að setja sér viðmið um hitastig. Á þeim grunni sé í tengiskilmálum stefnda tekið fram að framrásarhiti frá dælustöðvum sé að jafnaði nálægt 80°C. Í þéttbýli við vetrarálag sé hins vegar stefnt að 65°C hita sem lágmarki við tengigrind sem tengi heimæð hitaveitu og hitakerfi eiganda. Tekið sé fram í tengiskilmálum stefnda að vegna sérstakra rekstrarskilyrða á sumum þéttbýlissvæðum sé ekki unnt að tryggja hærra hitastig en 55°C hita sem lágmark við tengigrind.

Í tengiskilmálum stefnda sé sérstaklega áréttað að í dreifbýli og á sumarhúsa-svæðum sé stefnt að 50°C hita sem lágmarki við tengigrind. Einnig sé tekið fram að erfitt sé að setja neðri mörk á hita til viðskiptavina vegna þátta eins og fjarlægðar frá dælustöð og álags á hitaveituna. Einnig megi gera ráð fyrir lægri framrásarhita við lítið álag (t.d. við sumarálag) því að kólnun verði þá meiri en ella. Þá megi notendur sem eru á enda götulagna í dreifikerfi, eða þeir sem tengjast um óvenju langar heimæðar, reikna með meiri kólnun þegar notkun minnkar. Þarna sé meðal annars endurspeglad það sem segi í tæknilegum tengiskilmálum hitaveitna, sbr. auglýsingu nr. 890/2012, einkum gr. 3.2 um hitastig. Stefndi telji sérstaka ástæðu til þess að áréttað hitastig í dælustöð geti verið talsvert hærra en í tengigrind húss. Það endurspeglar í mismunandi hitastigstilgreiningu stefnumarka í tengiskilmálum stefnda, þ.e. 80°C í dælustöð en t.d. 50°C í tengigrind á sumarhúsasvæðum. Það skýrist meðal annars af framangreindum sjónarmiðum sem tilgreind eru í tengiskilmálunum, enda eigi vatn þá eftir að fara frá dælustöð út í dreifikerfi á tilteknu svæði, þaðan um götuæðar og svo um heimlagnir, þaðan sem vatnið fer í tengigrind húsa. Eðli málsins samkvæmt geti vatnið kólnað á þessari leið og einmitt af þeim sökum sé greint frá því að hitastig í tengigrindum sé almennt lægra en í dælustöðinni sjálfri og hvaða þættir leiði til þess að hitastig t.d. sé í neðri mörkum.

Eins og ákvæði reglugerðarinnar séu skilmálar stefnda hluti af samningi málsaðila. Það sem rakið hafi verið úr skilmálunum sýni að í samningnum komi skýrt fram á hvaða forsendum stefndi selur stefnanda heitt vatn og hvaða aðstæður geti leitt til þess að hitastig verði í lægri mörkum. Húsið sem stefnandi hiti með vatni frá stefnda sé sumarhús og því verði að líta til framangreindra ákvæða um stefnumörk um hitastig á sumarhúsasvæðum. Eins og þar komi skýrt fram sé á slíkum svæðum stefnt að 50°C hita við tengigrind. Stefnandi fái hins vegar 55°C heitt vatn og því ljóst að heita vatnið sem hann fái afhent samræmist stefnumörkum í tengiskilmálum stefnda.

Skilmálar stefnda um tengingu við hitaveitu séu settir á grundvelli áður nefndra réttarheimilda. Í þeim sé sérstaklega gerð grein fyrir því að ýmsir þættir geti haft áhrif á hitastig inntakshita í tengigrind húsa. Þar hafi til að mynda áhrif fjarlægð

húss frá dælustöð sem og álag á hitaveituna, þ.e. notkun. Þannig megi gera ráð fyrir því að notendur sem búi nær dælustöðvum fái heitara vatn en þeir sem fjær eru. Þá skipti notkun máli og fjöldi notenda í dreifikerfi sem liggi frá dælustöð. Eftir því sem notendum fjölgi og notkun í kerfi aukist megi reikna með að hitastig hækki með meira flæði heits vatns í kerfinu. Framrásarhiti í dælustöðvum stefnda sé til dæmis almennt lægri á sumrin þegar álag er minna þar sem kólnun verður þá meiri en ella. Einnig er í skilmálum tekið fram að notendur á enda götulagna í dreifikerfi eða þeir sem tengjast um óvenju langar heimæðar megi reikna með meiri kólnun þegar notkun minnkar.

Þær heimildir sem raktar hafi verið liggi viðskiptasambandi málsaðila ótvírætt til grundvallar. Í þeim sé mjög skýrt á hvaða forsendum varan sé seld og hvað geti leitt til þess að hitastig sé mismunandi. Hús stefnanda sé í sumarhúsabyggð. Þar séu einungis sex hús tengd hitaveitu stefnda. Í einu þeirra sé hitastig, að sögn húseiganda, um 85°C og sé lengd heimæðar um 50 metrar frá greiningu í dreifikerfi. Það hús sé um 98 metra frá aðveitulögninni, mælt eftir lögnum, en nokkur hús séu inn á lögninni þar til síðustu 50 metrana. Hús stefnanda við Álfabrekku 4 sé hins vegar eina húsið í þeirri götu sem sé tengt dreifikerfi stefnda. Eins og fram komi í skilmálum stefnda geti slíkt valdið því að hitastig sé lægra en í öðrum húsum á svæðinu.

Vatnið sem stefnandi fái afhent sé heitara en lægsta hitastig í stefnumörkum stefnda. Engu að síður hafi stefndi, til þess að halda hitastigi heita vatnsins uppi, sett upp hitastýrt úthlaup vatns við notkunarstað. Heitu vatni sé því hleypt út af kerfinu og hent. Með þessari blæðingu sé stefnanda tryggt aukið vatnsflæði og hitastig vatnsins þannig hækkað, en kostnaður af þessu hafi alfarið fallið á stefnda. Að mati stefnda sé ekki forsvaranlegt að leggja út í meiri kostnað en þegar hafi verið gert enda sé hitastigið þrátt fyrir allt hærra en stefnumörk stefnda á sumarhúsasvæðum. Að auki fælist í meiri blæðingum heits vatns veruleg sóun enda heitt vatn látið renna ónotað beint út í náttúruna með tilheyrandi áhrifum á umhverfið, til að mynda í formi varmamengunar.

Í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 297/2006 komi skýrt fram að stefnda sé ekki skylt að veita afslátt af heitu vatni vegna lágs hitastigs þess á afhendingarstað enda geri hann þær ráðstafanir sem ætlast megi til af honum til þess að halda hitastiginu í eðlilegu horfi. Stefndi telji sér ekki fært að ganga lengra í því að halda hitastigi vatnsins uppi. Honum beri ekki að veita afslátt enda hafi hann gert allt sem í valdi hans standi til að koma til móts við stefnanda. Auk þess sem hitastig vatnsins hjá stefnanda sé 55°C, eða fimm gráðum yfir stefnumörkum, og sé því í eðlilegu horfi miðað við það sem fram komi í samningi aðila, þ.e. skilmálum stefnda, gjaldskrá hans og reglugerðinni sem gildi um starfsemi hans.

Þetta sýni að í samningi málsaðila sé á lögmætan og skýran hátt kveðið á um þær forsendur sem liggi til grundvallar sölu stefnda á heitu vatni til stefnanda og þar með þá þætti sem leiði af 1. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um þjónustukaup. Enn

fremur liggir fyrir að heitt vatn til stefnanda hafi verið afhent í fullu samræmi við þær forsendur sem þar séu tilgreindar og þar með í samræmi við það sem leiði af samningi stefnda og stefnanda. Þar af leiðandi geti stefnandi ekki borið fyrir sig að heita vatnið teljist gallað í skilningi 16. gr. sömu laga. Að auki hafi stefndi, umfram þær skyldur sem leiði af samningnum, leitað allra forsvaranlegra leiða til þess að koma til móts við óskir stefnanda um hærra hitastig, en þær aðgerðir hafi því miður ekki borið þann árangur sem stefnandi óskaði. Af þeim sökum geti stefnandi ekki átt tilkall til afsláttar á verði heits vatns.

2.

Til viðbótar við þær forsendur sem leiða megi af samningi málsaðila byggir stefndi á því að heita vatnið sem hann afhendi stefnanda henti í þeim tilgangi sem heitt vatn, selt af hitaveitum hér á landi, er venjulega notað til.

Hitaveitur séu reknar á grundvelli orkulaga nr. 58/1967, reglugerðar sem sé sett um viðkomandi hitaveitu, tæknilegra tengiskilmála hitaveitna, sbr. auglýsingu 890/2012, og enn fremur á grundvelli skilmála viðkomandi hitaveitu. Hitaveitur starfi ýmist samkvæmt einkaleyfi á tilteknu svæði eða ekki. Stefnandi nýti heita vatnið sem hann kaupir af stefnda í þeim tilgangi að hita upp sumarhús sitt að Álfabrekku 4, eins og langflestir viðskiptavinir hitaveitna.

Eins og fram komi í grein 3.2.1 í tæknilegum tengiskilmálum hitaveitna geti þrýstingur og hitastig í veitukerfum hitaveitna verið mjög mismunandi frá einum stað til annars, meðal annars vegna þess að þéttleiki og hæðarlega byggðar sé mismunandi. Þar segi einnig að framrásarhiti við inntak eiganda sé mishár, háður fjarlægð inntaksins frá miðlunargeymi, dælustöð eða kyndistöð og heitavatnsnotkun viðskiptavina. Framrásarhiti sé að jafnaði hæstur þegar kaldast er í veðri en lækki við minni notkun og því sé ekki unnt að setja neðri mörk um framhita.

Heitt vatn sé náttúruauðlind og eðlisfræðieiginleikar þess valdi því að hitastig þess sé misjafnt frá einu svæði til annars. Einnig leiði af eðli máls að ófyrirséðar hitabreytingar geti orðið í jarðhitakerfum, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar, án þess að maðurinn fái nokkuð við það ráðið.

Stefnandi fái afhent 55°C heitt vatn. Algengur hiti í húsum hér á landi sé 23°C-25°C þótt kjörhiti sé almennt talinn 20°C. Stefnandi hafi ekki bent á neitt sem leiði til annarrar niðurstöðu en að hann geti nýtt þetta 55°C heita vatn til húshitunar. Um það sé ekki deilt og því verði vart annað séð en að heita vatnið sem stefndi afhendi honum henti í þeim tilgangi sem heitt vatn er almennt notað til, þ.e. að hann geti nýtt það til upphitunar sumarhússins að Álfabrekku 4.

Einnig verði að ætla að heita vatnið hafi haft alla þá eiginleika sem stefnandi hafi mátt vænta miðað við allar þær forsendur sem liggja til grundvallar í samningi aðila, eins og áður hafi verið rakið.

3.

Stefndi vísar einnig til þess að heita vatnið sem hann afhendi sé að öllu leyti í samræmi við þær kröfur um afhendingu heits vatns sem leiða megi af lögum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Af reglugerð nr. 297/2006 leiði að stefnanda sé afhent heitt vatn á þeim forsendum að stefnda sé ekki skylt að veita honum afslátt hafi stefndi gripið til allra þeirra úrræða sem ætlast megi til af honum til þess að halda hitastiginu við eðlileg mörk, sbr. 4. mgr. 12. gr. hennar. Þá sé vatnið afhent á grundvelli skilmála stefnda sem séu settir á forsendum tilgreindum í tengiskilmálum hitaveitna, sbr. auglýsingu nr. 890/2012, sem geri beinlínis ráð fyrir því að hitastig geti verið breytilegt í kerfum hitaveitna. Um sölu stefnda á heitu vatni gildi einnig gjaldskrá stefnda sem ráðherra staðfesti skv. lögum nr. 136/2013 og lögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð nr. 297/2006, og sé birt opinberlega í Stjórnartíðindum, sbr. t.d. núgildandi gjaldskrá fyrir heitt vatn nr. 1270/2018. Í 2. gr. hennar komi skýrt fram að: „*ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu heits vatns. Veitum ohf. er ekki skylt að veita afslátt af sölu heits vatns vegna lágs hitastigs þess á afhendingarstað enda geri Veitur ohf. þær ráðstafanir sem má ætlast til af henni til að halda hitastiginu í eðlilegu horfi.*“

Í opinberum stjórnvaldsfyrirmælum séu hvorki ákvæði sem skyldi stefnda til þess að afhenda heitt vatn við tiltekið hitastig, né til þess að gefa afslátt sé hitastig vatns annað en tilgreint sé í stefnumörkum stefnda. Rekstrarskilyrði hitaveitna séu mismunandi og óeðlilegt væri að túlka gildandi lög og stjórnvaldsfyrirmæli þannig að af þeim leiði að stefnda og þar með öðrum hitaveitum sé gert að afhenda vatn ávallt við hitastig viðmiðunarmarka ellegar veita afslátt.

Stefndi bendi á að gjaldskrá hans fyrir heitt vatn byggist á kostnaði við rekstur hitaveitunnar. Miðað sé við að innheimtir fjármunir standi straum af öllum greiðsluskuldbindingum og öðrum rekstrarkostnaði. Tekjunum skuli varið til fullnægjandi viðhalds og endurnýjunar mannvirkja og tækja, sbr. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 297/2006. Við uppbyggingu gjaldskrár séu ekki teknir inn óútreiknanlegir þættir, eins og mismunandi hitastig vatns frá einum tíma til annars, milli svæða eða notenda. Viðmið um slíka ófyrirséða þætti myndu grafa undan því fyrirkomulagi sem stefndi hefur innleitt og væri bersýnilega ósanngjarnt að leggja á hann að innleiða fyrirkomulag sem fæli slíkt í sér.

Stefndi bendi einnig á að ekki sé heldur í gildandi lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum ákvæði sem skyldi stefnda til þess að haga gjaldtöku sinni þannig að heitt vatn sé selt eftir varma (hitastigi) en ekki magni.

Að endingu bendi stefndi á að venjuhelguð framkvæmd sé hvorki um mismunandi gjaldtöku fyrir misheitt vatn né svokallaðar hitastigsleiðréttingar, þ.e.veitingu afsláttar sé hitastig vatns undir viðmiðunarmörkum. Vissulega sé gjaldtaka hitaveitna mismunandi eins og stefnandi bendi á. Þó innheimti flestar veitur á grundvelli magns. Hins vegar hafi nokkrar veitur mismunandi gjaldskrá eftir varma/hitastigi vatns á viðkomandi svæði, og tvær hafi svokallaðar hitastigsleiðréttingar, sbr. skjal sem stefnandi hafi unnið og beri að meta í því ljósi. Í þessu dómsmáli sé einmitt deilt um hitastigsleiðréttingar en stefnandi fari fram á tiltekinn afslátt fyrir hverja gráðu sem hitastig vatns sé lægra en tiltekin viðmiðunarmörk, sem vel að merkja taki mið af hitastigi í dælustöðvum hitaveitu stefnda en ekki viðmiðunarmörkum stefnda sjálfs sem tilgreind eru í skilmálum hans.

Á landinu starfi alls 31 hitaveita á grundvelli reglugerðar. Þá séu ótaldar aðrar sem starfi á öðrum grunni. Í framangreindri samantekt stefnanda sé vísað til þess að tvær veitnanna hafi innleitt hitastigsleiðréttingar, þ.e. Kjósarveitur og Rarik. Þessar tvær veitur hafi innleitt fyrirkomulag sem ætla megi að stefnandi geri kröfu um að stefnda verði gert að fara eftir í gjaldtöku sinni fyrir sölu á heitu vatni til stefnanda.

Stefndi bendi hins vegar á að Kjósarveitur selji vatn um hemla til sumarhúsa. Hitastigsleiðréttingar veitunnar eigi við um vatnssölu skv. mæli. Ekkert slíkt ákvæði sé um orkureikninga fyrir vatnssölu samkvæmt hemli. Af því megi ráða að hitastigsleiðréttingar Kjósarveitna taki ekki til sumarhúsa og hafi hitastigsleiðrétting þeirra ekki fordæmisgildi í tilviki stefnanda.

Rarik hafi innleitt hitastigsleiðréttingar eins og stefnandi bendi á í samantekt sinni. Samkvæmt gjaldskrá Rarik sé veittur afsláttur af vatnsgjaldi í þéttbýli. Í gjaldskránni sé ekki sambærilegt ákvæði um afslátt af vatnsgjaldi fyrir aðrar tegundir byggða, t.d. sumarhús. Af þessu leiði að hitastigsleiðréttingar Rarik taki ekki til sumarhúsa sem kaupi heitt vatn af fyrirtækinu og hafi sú tilvísun ekki heldur fordæmisgildi í tilviki stefnanda.

Með vísan til þessa hafni stefndi því að hér á landi hafi komist á venjubundin framkvæmd um hitastigsleiðréttingar hitaveitna. Það sé í öllu falli ljóst að heita vatnið sem stefndi afhendi stefnanda samræmist þeim kröfum sem séu gerðar til vörunnar, þ.e. heita vatnsins, samkvæmt lögum og opinberum ákvörðunum sem við eiga. Hún teljist því ekki gölluð í skilningi 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup og eigi stefnandi því á þeim forsendum ekki tilkall til afsláttar skv. 31. gr. sömu laga, sbr. einnig 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 297/2006 og 2. gr. gjaldskrár stefnda, sbr. auglýsingu nr. 640/2018.

4.

Stefndi byggi einnig á því að hann uppfylli þær kröfur sem eðlilegt sé að gera til hans um upplýsingagjöf til stefnanda um afhendingu á heitu vatni. Stefndi hafi veitt allar nauðsynlegar upplýsingar og hafi ekki heldur vanrækt að veita neinar upplýsingar sem skipti máli, heldur þvert á móti. Þannig komi það skýrt fram í tæknilegum tengiskilmálum hitaveitna, sbr. auglýsingu nr. 890/2012, og skilmálum stefnda að hitastig sé breytilegt og fari meðal annars eftir notkun kerfis, álagi á kerfi, fjarlægð húss frá dælustöð og lengd heimlagna. Þessir þættir geti leitt til þess að hitastig lækki. Þá sé enn fremur tilgreint í skilmálum stefnda hver stefnumörkun hitastigs á sumarhúsasvæðum sé, þ.e. að stefndi stefni að 50°C hita sem lágmarki við tengigrind. Skilmálar stefnda séu meðal annars aðgengilegir öllum á heimasíðu hans, auk þess sem viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæli séu birt opinberlega í Stjórnartíðindum.

Stefnandi fái afhent 55°C heitt vatn í sumarhúsi í fullu samræmi við þær forsendur sem leiði af framangreindum skilmálum og stjórnvaldsfyrirmælum. Stefndi hafi gengið lengra og haft kostnað af því að leita leiða til að hækka inntakshita í sumarhúsinu þrátt fyrir að vatnið sé heitara en nemi stefnumörkum stefnda.

Stefndi hafi því ekki vanrækt að veita þær upplýsingar sem liggja til grundvallar afhendingu hans á heitu vatni til stefnda og annarra notenda hitaveitunnar. Hann geri skýrt grein fyrir þeim eiginleikum heita vatnsins í kerfinu sem og þeim þáttum sem geti valdið því að hitastig sé breytilegt, jafnvel frá einum notanda til annars.

5.

Það sé meginregla samningaréttar að samninga beri að halda og byggi stefndi á að það gildi um samning hans við stefnanda um sölu á heitu vatni og allar þær forsendur sem þar er gert ráð fyrir. Samningurinn sé sanngjarn, eðlilegur og að öllu leyti í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkist við sölu heits vatns til sumarhúsaeigenda, eins og rakið hafi verið. Stefnandi hafi ekki bent á neitt sem leiði til þess að þær forsendur og þau viðskiptakjör sem felist í samningi aðila séu ósanngjörn.

Auk þess sé samningurinn, eins og stefndi hafi bent á og rakið hafi verið, í fullu samræmi við þá viðskiptavenju sem tíðkist hér á landi í rekstri hitaveitna.

Viðskiptakjör stefnda séu ekki ósanngjörn, enda séu þau skýr og forsendur afhendingar ljósar. Samningur þeirra í milli sé í fullkomnu samræmi við sambærilega samninga sem gerðir eru á vegum annarra hitaveitna hér á landi. Allt sem rakið hafi verið sýni að samningur málsaðila sé sanngjarn og honum beri því ekki að víkja til hliðar, hvorki í heild né að hluta til, á grundvelli 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

6.

Af öllu því sem stefndi hafi rakið sé ljóst að heita vatnið sem hann afhendi stefnanda sé ekki gallað, heldur sé það að öllu leyti í samræmi við þær kröfur sem leiði af samningi aðila og allar þær upplýsingar sem stefndi hafi veitt og beri að veita. Að auki uppfylli heita vatnið þær kröfur sem lög og reglur gera ráð fyrir. Því geti hvorki lög né stjórnvaldsfyrirmæli valdið því að stefnda verði gert að breyta sölufyrirkomulagi sínu þannig að honum verði gert að endurgreiða þá fjárhæð sem stefnandi krefjist og framvegis selja honum heitt vatn með hitastigsleiðréttingum. Því beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Varakrafa um lækkun krafna

Varakrafa stefnda um verulega lækkun fjárfrafna stefnanda byggist einkum á því að þau viðmiðunarmörk sem stefnandi byggja kröfu sína á séu of há. Hann byggja á því að þegar hitastig vatns sé lægra en 80°C eigi að veita 2% afslátt fyrir hverja gráðu sem hún er undir 80°C. Þar sem hann fái 55°C heitt vatn, sem er 25°C lægra en tilgreint viðmið hans, eigi hann rétt á afslætti vegna þess, eða 50% afslætti. Stefndi telji þetta fráleita kröfu sem sé ekki í neinu samræmi við þær forsendur sem liggja til grundvallar rekstri hitaveitunnar á því svæði sem sumarhús stefnanda standi og þau viðmið sem séu höfð til hliðsjónar þegar heitt vatn er afhent á sumarhúsasvæðum og í dreifbýli.

Eins og margoft hafi komið fram sé í skilmálum stefnda skýr stefnumörk um hitastig. Þar sé gerð grein fyrir því að framrásarhiti frá dælustöðvum sé að jafnaði nálægt 80°C. Þar sem vatn sé þaðan leitt um dreifikerfi, götuæðar, heimæðar og að endingu inn í tengigrind húss kólni það á leiðinni. Eðli málsins samkvæmt sé hitastig í tengigrind húss því lægra og af þeim sökum séu stefnumörk stefnda tilgreind þannig að í dreifbýli og á sumarhúsasvæðum sé stefnt að 50°C hita við tengigrind. Þá sé í þéttbýli við vetrarálag stefnt að 65°C hita sem lágmarki við tengigrind en sérstaklega tekið fram að vegna sérstakra rekstrarskilyrða á sumum þéttbýlissvæðum sé ekki unnt að tryggja hærra hitastig en 55°C hita sem lágmark við tengigrind. Miðað við þetta sé óeðlilegt að miða við 80°C hita þegar það hitastig sé einungis til viðmiðunar í dælustöðvum en ekki í húsum viðskiptavina stefnda, og að auki sé hvergi á veitusvæðum stefnda gengið út frá 80°C inntakshita í dreifbýli.

Stefndi bendi á að framsetning í Talnaefni Orkustofnunar sé villandi, því þar sé tilgreint að framrásarhiti sé 80°C á svæði HAB. Ljóst sé hins vegar í öllu efni stefnda sjálfs að 80°C hitastigið sé hitinn sem að jafnaði sé á hitastigi vatns frá dælustöð. Stefndi geti ekki borið ábyrgð á því að framsetning efnis þriðja aðila á þeim viðmiðum sem gilda í starfsemi stefnda kunni að vera villandi og víki ekki til hliðar þeim viðmiðum sem stefndi hafi sjálfur sett í samræmi við þær kröfur sem til hans eru

gerðar skv. stjórnvaldsfyrirmælum, einkum tæknilegum tengiskilmálum hitaveitna, sbr. auglýsingu nr. 890/2012.

Stefnanda gagnist ekki að byggja á ákvæðum reglugerðar sem hafi verið felld úr gildi fyrir löngu. Nú gildi reglugerð nr. 297/2006 og gjaldskrá sé sett skv. henni en í hvorugri felist að leiðréttu skuli verð út frá hitastigi. Að auki sé engin venjubundin framkvæmd hér á landi um 2% afslátt frá gjaldi miðað við tiltekið hitastig undir viðmiðunarmörkum. Ekkert liggja til grundvallar því að miða við þá prósentu frekar en lægra prósentuviðmið.

Stefndi krefjist þess til vara að krafa stefnanda verði lækkuð allverulega miðað við framangreindar forsendur sem og þá þætti sem byggt er á í aðalkröfu, enda ljóst að viðmið eru uppfyllt, engin venja sé um afslátt/hitastigsleiðréttingu í tilviki sumarhúsa og vatnið henti ótvírætt til húshitunar.

Niðurstaða

Stefnandi kaupir heitt vatn af stefnda til þess að hita upp bústað sinn í sumarhúsabyggð í Borgarfirði. Ágreiningurinn lýtur að því hvort stefnandi eigi rétt til afsláttar úr hendi stefnda af því verði sem hann greiðir fyrir vatnið.

Í hnotskurn snýst málatilbúnaður stefnanda um það að hann vill á ný búa við það réttarástand sem gildi um sölu heits vatns til húshitunar á þjónustuvæði Hitaveitu Akraness og Borgarness allt til 17. október 2002 þegar reglugerð nr. 754/2002 tók gildi. Öll rök hans ganga út frá því að 80°C séu sá hiti sem skilgreinir það hvort heitt vatn til húshitunar sé gallað eða ekki þegar það er afhent við tengigrind húss. Gjaldtöku fyrir heitt vatn til húshitunar verði að miða við þetta hitastig. Sé vatnið kaldara eigi hann rétt á afslætti af verði þess.

Kaup notanda á heitu vatni til húshitunar af hitaveitu grundvallast ekki á samningi sem notandinn og veitan hafa samið. Þvert á móti kemst slíkur samningur sjálfkrafa á þegar notandinn hefur viðskipti við veituna. Efni slíks samnings ræðst af réttarheimildum. Þetta á einnig við um réttarsamband stefnanda og stefnda. Samningur þeirra í milli ræðst af orkulögum nr. 58/1967, reglugerð nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur, tæknilegum tengiskilmálum hitaveitna, sem voru birtir með auglýsingu nr. 890/2012, tengiskilmálum stefnda um afhendingu á heitu vatni og gjaldskrá stefnda, sem var birt með auglýsingu nr. 1270/2018 (og eldri gjaldskrá sama efnis).

Að mati stefnanda er reglugerð nr. 297/2006 veik réttarheimild fyrir starfsemi stefnda þar eð hún eigi við um móðurfélag stefnda, Orkuveitu Reykjavíkur. Eftir að veitustarfsemi Orkuveitunnar var framseld stefnda, 1. janúar 2014, við gildistöku laga nr. 136/2013, hafi ekki verið sett sérstök reglugerð um starfsemi hans.

Reglugerð nr. 297/2006 hefur næga lagastoð þar eð hún er sett á grundvelli heimildar í 82. gr. orkulaga nr. 58/1967. Dómurinn telur hana því ekki veika réttarheimild þótt stefndi hafi við gildistöku laga um Orkuveitu Reykjavíkur tekið við sumum þeirra verkefna sem eru tilgreind í orkulögum en voru verkefni Orkuveitunnar þegar reglugerðin var sett. Þegar löggin tóku gildi breyttust verkefnin ekki, heldur var öðrum lögaðila, stefnda, falið að sinna veitustarfseminni sem móðurfélagið hafði áður sinnt.

Í 2. mgr. greinar 1.1 í auglýsingu nr. 890/2012 um tæknilega tengiskilmála hitaveitna segir að þeir skilmálar séu settir samkvæmt 82. gr. orkulaga nr. 58/1967 og skuli teljast hluti af reglugerðum þeirra hitaveitna sem eru taldar upp í 1. mgr. greinar 1.1. Í því ákvæði er Orkuveita Reykjavíkur tilgreind. Tæknilegir tengiskilmálar hitaveitna eru því hluti af reglugerðinni um Orkuveitu Reykjavíkur/Veitur. Auglýsingin er undirrituð fyrir hönd ráðherra og birt í Stjórnartíðindum. Í þessum tæknilegu tengiskilmálum hitaveitna er mælt fyrir um sérskilmála hitaveitna. Að mati dómsins hafa tengiskilmálar stefnda, þar sem hann tilgreinir hitaviðmið sín, því fullnægjandi lagastoð í orkulögum nr. 58/1967 og reglugerð nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur og auglýsingu nr. 890/2012 um tæknilega tengiskilmála hitaveitna.

Samkvæmt 5. mgr. 32. gr. orkulaga nr. 58/1967 skal endurskoða gjaldskrá eigi sjaldnar en fimmta hvert ár. Stefndi breytir gjaldskrá sinni að jafnaði tvisvar á ári. Ekki verður annað séð en að sérhver gjaldskrá sem hann hefur gefið út mörg síðastliðin ár sé undirrituð af starfsmanni ráðuneytisins fyrir hönd ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda, þannig að gjaldskráin er í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 297/2006.

Í þessum réttarheimildum er efni samningssambandsins afmarkað nánar. Í grein 3.2.2 í tæknilegum tengiskilmálum hitaveitna segir: „Hitaveitur setja í reglugerð eða sérskilmála stefnumörkun um hitaviðmið í dreifikerfi hvers veitu- eða gjaldskrársvæðis“. Til samræmis við þessi fyrirmæli hefur stefndi sett í tengiskilmála sína stefnumörkun um hitaviðmið. Þar segir að í dreifbýli og á sumarbústaðasvæðum sé stefnt að 50°C hita sem lágmarki við tengigrind. Í skilmálunum gerir hann jafnframt grein fyrir því að erfitt sé að setja neðri mörk á hita til viðskiptavina sökum þátta eins og fjarlægðar frá dælustöð og álags á hitaveituna. Gera megi ráð fyrir lægri framrásarhita við lítið álag þar sem kólnun verði þá meiri en ella. Einnig megi notendur á enda götulagna í dreifikerfi eða þeir sem tengist um óvenjulangar heimæðar reikna með meiri kólnun þegar notkun minnki. Viðmið stefnda um 50°C lágmarksafhendingarhita í sumarhúsabyggð hafa því fullnægjandi formlega lagastoð.

Fullnægjandi lagastoð hefur einnig það ákvæði samnings málsaðila sem er nú skráð í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 297/2006 og 2. mgr. gjaldskrár stefnda. Þar segir: Orkuveitu Reykjavíkur [Veitum] er ekki skylt að veita afslátt af sölu heits vatns

vegna lágs hitastigs þess á afhendingarstað enda geri Orkuveita Reykjavíkur [Veitur] þær ráðstafanir sem má ætlast til af henni til að halda hitastiginu í eðlilegu horfi.

Að mati stefnanda er orðalag þessa ákvæðis óljóst og telur hann það einungis eiga við ef hitastigið fellur tímabundið eða af óviðráðanlegum ástæðum og það geti ekki hafa verið ætlun ráðherra að fella niður afslátt af gjaldi nema þegar vatnið er tímabundið kaldara en 80°C. Auk þess geti stefndi ekki átt sjálfðæmi um það hvað teljist eðlilegt horf hitastigs. Hvorki í lögum né stjórnvaldsfyrirmælum sé staðfest að það þurfi ekki að vera hærra en 50°C.

Dómurinn fellst ekki á þessa túlkun stefnanda á efnislegu inntaki ákvæðisins. Að mati dómsins vísar orðalagið „að halda hitastiginu í eðlilegu horfi“ ekki frekar til tímabundinnar kólnunar vatnsins en þess þegar erfitt reynist almennt að halda uppi því hitastigi sem stefndi hefur tilgreint í stefnumörkum sínum fyrir hvert þjónustuvæði.

Að nota hið matskennda orðalag „eðlilegt horf“ í stað þess að tiltaka ákveðið hitastig bendir einmitt til þess að ekki sé hægt að gera sömu kröfur til hitastigs á öllum þjónustuvæðum stefnda. Því geti eðlilegt horf hitastigs verið ólíkt milli þéttbýlis og sumarhúsabyggðar. Í tengiskilmálum sínum hefur stefndi útskýrt hvers vegna hann treystir sér ekki til þess að afhenda heitara vatn í sumarhúsabyggðum en 50°C.

Það er rétt að með reglugerð nr. 664/1995 fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarness var veittur 2% afsláttur fyrir hverja hitagráðu sem vatnið var kaldara en 80°C þegar það var afhent, þ.e. við tengigrind. Reglugerð nr. 754/2002 fyrir sömu hitaveitu tók gildi 17. október 2002. Með henni voru afsláttarkjörin aflögð og felld inn í 5. gr. hennar ákvæði sem er samhljóða 4. mgr. 12. gr. núgildandi reglugerðar. Hefði það ekki verið ætlun ráðherra að breyta gjaldtökunni og veita forvera stefnda, fyrst Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og síðar Orkuveitu Reykjavíkur, heimild til þess að leggja af afslátt sem áður hafði verið veittur hefði þessu ákvæði reglugerðarinnar verið breytt á þeim 17 árum sem liðin eru frá því að það var fyrst sett í reglugerð og það réttarástand, sem stefnandi mótmælir, komst á. Meðal gagna málsins eru fjölmörg bréf frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Þau eru ýmist svör við erindi stefnanda vegna þess álitamáls sem er hér til umfjöllunar eða svör við fyrirspurnum umboðsmanns Alþingis. Ráðuneytið þekkir álitamálið vel og teldi ráðherra niðurfellingu afsláttarins óheimila eða að hann hefði verið felldur niður fyrir mistök hefði 4. mgr. 12. gr. nú þegar verið breytt með sérstakri reglugerð, en ráðherra hefur frá 1. janúar 2014 verið heimilt að setja reglugerð um starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur.

Dómurinn telur því ekkert benda til þess að ætlun ráðherra hafi verið að ákvæðið ætti því aðeins við að hitastig vatnsins yrði tímabundið lægra en 80°C. Jafnframt liggur fyrir að sérhverri hitaveitu er samkvæmt réttarheimildum falið að tilgreina hvaða lágmarkshita hún treystir sér til að tryggja, hvort heldur er í þéttbýli, dreifbýli eða í sumarhúsabyggðum. Þetta eru þau gæðaviðmið sem gilda í viðskiptum

notenda og hitaveitna. Því skiptir ekki máli þótt þessi hitastigsviðmið séu ekki jafnframt tilgreind í gjaldskrá stefnda sem ráðherra staðfestir. Dómurinn telur efni 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 297/2006 nægilega skýrt og það verði ekki túlkað þannig að stefnandi eigi rétt á afslætti svo framarlega sem stefndi uppfyllir það skilyrði að gera þær ráðstafanir sem ætlast má til af honum til þess að halda hitastiginu í eðlilegu horfi.

Til þess að tryggja að vatnið sem hann afhendir stefnanda sé aldrei kaldara en 55°C við tengigrind hleypir stefndi talsverðu vatni framhjá kerfinu. Þetta er allkostnaðarsamt og telur dómurinn að ekki verði ætlast til þess að stefndi geri frekari ráðstafanir til þess að halda hita vatnsins sem hann afhendir stefnanda hærri en 50°C lágmarksafhendingarhita. Því hefur stefndi gert þær ráðstafanir sem ætlast má til af honum til þess að halda hitastiginu í eðlilegu horfi eins og mælt er fyrir um í 4. mgr. 12. gr. núgildandi reglugerðar.

Heita vatnið sem stefndi afhendir stefnanda er 55°C við tengigrind sumarhússins en það er afhendingarstaður vatnsins. Stefndi afhendir stefnanda því vatn sem uppfyllir hitaviðmið samningssambandsins.

Þær réttarheimildir sem raktar hafa verið móta efni samningssambandsins. Stefndi vill að efni þeirra sé annað en hann hefur þó ekki fært rök fyrir því að þær séu ekki rétt settar eða hafi ekki fullnægjandi lagastoð. Báðir málsaðilar eru því bundnir af þeim. Frá 1. janúar 2002 hefur stefnandi verið í samningssambandi við stefnda. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að stefndi hafi nokkurn tíma vanefnt þetta samningssamband.

Þegar af þessari ástæðu telur dómurinn að vatnið sé ekki gallað, hvorki í skilningi laga nr. 48/2003 um lausafjárkaup né í skilningi laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, þótt það sé ekki 80°C heitt þegar það berst stefnanda. Hann hefur keypt 55°C heitt vatn í 19 ár og hefur ekki haldið því fram að sá hiti nægi ekki til þess að hita húsið upp þannig að vatnið sem stefndi afhendir honum henti ekki í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til.

Stefndi afhendir stefnanda 55°C heitt vatn en er ekki skyldugur til þess að afhenda stefnanda heitara vatn en 50°C. Því verður ekki fallist á að ákvæði laga um neytendakaup um rýrnun söluhlutar eigi við. Jafnframt hefur stefnandi hvorki sýnt fram á að uppfyllt séu skilyrði 36. gr. né 36. gr. a-c í lögum nr. 7/1936.

Verðlagning vatnsins er í samræmi við gildandi réttarheimildir sem miða við rúmmál en ekki hitastig. Því haggar hvorki fyrirkomulag gjaldtöku hjá öðrum hitaveitum né samantekt Orkustofnunar um gjaldskrár hitaveitna í september 2017, enda er það skjal ekki sönnunargagn í málinu.

Stefnandi byggir á því að einn notandi í sumarhúsabyggðinni segist fá 85°C heitt vatn. Fyrir liggur að heimæð í það hús er mun styttri en heimæð til stefnanda. Því

er ekki hægt að jafna þessum tilvikum saman. Auk þess er ljóst af aðstæðum á veituvæðinu að margir fleiri notendur en stefnandi fá vatn á hitastigsbilinu 50-65°C.

Stefnda er ekki skylt að afhenda stefnanda heitara vatn en stefndi hefur tilgreint í tengiskilmálum sínum að hann treysti sér til að afhenda notendum í sumarhúsabyggð. Hann hefur sett upp hitastýrðan loka sem heldur inntakshita í sumarhús stefnanda nærri 55°C með því að hleypa vatni út úr kerfinu. Samkvæmt þeim réttarheimildum sem um starfsemi stefnda gilda er honum ekki skylt að veita notanda afslátt hafi hann gert allt sem ætlast má til til þess að halda hitastiginu í eðlilegu horfi, sbr. 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 297/2006.

Að mati dómsins eru þau hitastigsviðmið sem hann setur sér „eðlilegt horf“ í skilningi þessa ákvæðis. Dómurinn telur jafnframt að með því að halda vatninu í það minnsta 55°C heitu með því að dæla því af kerfinu hafi hann gert allt sem ætlast má til af honum. Dómurinn telur því ekki nein skilyrði til þess að skylda stefnda til að veita stefnanda afslátt sem miðist við herra hitastig vatns en það sem stefndi afhendir stefnanda nú þegar.

Með vísan til þess sem að framan greinir ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Samkvæmt þessu og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnandi dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað svo sem getið er um í dómsorði.

Ingiríður Lúðvíksdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómarar, svo og Högni Hróarsson, verkfræðingur og lagnahönnuður, kveða upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Veitur hf., er sýkn af kröfu stefnanda, Karls Sigurhjartarsonar. Stefndi greiði stefnda 800.000 kr. í málskostnað.

Ingiríður Lúðvíksdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Högni Hróarsson